Reykjavík

Félagmiðstöðin Askja

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 7
- Ágúst 7
- September 7
- Október 7
- Nóvember 7
- Desember 7
- Janúar 7
- Febrúar 7
- Mars 7
- Apríl 8
- Maí 8
- Júní 8
- Júlí 8

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat Félagsmiðstöðvarinnar Öskju auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.
- Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennis af hlýju, öryggi og virðingu.
- Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
- Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.
- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).
- Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
- Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sbr. gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samstarf við sértækar félagsmiðstöðvar innan Rvk.
Tækifæri til umbóta.	Stækka tengslanet ungmennana okkar
Aðgerðir til umbóta.	Sameiginlegir viðburður fyrir sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík
Ábyrgð	Yfirmenn Öskju
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	20. október – áframhaldandi samstarf
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Með samráðsfundum stjórnenda í lok hverrar annar og í byrjun hverrar annar
Viðmið um árangur.	Festir viðburðir á vegum sértækra félagsmiðstöðva og mælingar miðast við þátttöku ungmenna frá Öskju.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hugmyndabanki fyrir ungmenni til þess að koma sýnum hugmyndum og óskum á framfæri varðandi innra starf Öskju
Tækifæri til umbóta.	Vöntun hefur verið á tækifærum fyrir ungmennin að hafa aðgengi að því að hafa áhrif. Með stuðningi starfsmenna geta þau komið með hugmyndir án pressu frá öðrum og sett í hugmyndakassann
Aðgerðir til umbóta.	Fá þau til að búa til kassa svo þetta komi líka frá þeim. Tala hugmyndakassann mikið upp og hvetja alla til þess að koma með hugmyndir. Passa að kassinn sé mjög sýnilegur og aðgengilegur.
Ábyrgð	Stjórnendur og nemendaráð Öskju
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	27. október – áframhaldandi yfir skólaárið
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Útfrá viðtölum við ungmenni og fá endurgjöf frá þeim hvernig og hvort þau séu að nýta sér kassann á mánaðarfresti.
Viðmið um árangur.	Út frá samtölum við ungmenninn, hvort að stór eða lítil hluti hópsins sé að nýta sér kassann.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfsþróunarsamtöl
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Auka tækifæri fyrir starfsmenn til þess að fá endurgjöf á starfið sitt og koma sínum hugmyndum á framfæri sem er oft erfitt í stórum hóp.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Nokkur viðtöl á dag, deila starfsmannahópnum á milli stjórnenda.
Ábyrgð	Stjórnendur Öskju
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Miðjan nóvember 16. Nóvember – 18. desember
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Viðtalsfundir við starfsmenn og fá frá þeim endurgjöf um starfsþróunarviðtölin
Viðmið um árangur.	Útfrá samtölum við starfsmenn.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sértækt klúbbastarf með áherslu á félagsfærni í samræmi við menntastefnu Reykjavíkurborgar
Tækifæri til umbóta.	Auka hæfni unglingana að hafa jákvæð áhrif á umhverfið sitt og auka samskiptahæfni þeirra.
Aðgerðir til umbóta.	Funda með hóp af unglingum 1-2x í viku
Ábyrgð	Hjördís og Þóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	18. nóvember -1. mars
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	13. janúar verður stöðufundur með hópnum og staðan tekin á því hvernig þau eru að upplifa klúbbinn og verkefnið.
Viðmið um árangur.	Klúbburinn skilar af sér afurð sem gæti t.d verið plakat fyrir hin ungmennin til þess að sjá sem verður til sýnis í Öskju.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Með því að koma af stað samstarfi við aðrar sértækar félagsmiðstöðvar innan Reykjavíkurborgar þá er markmiðið að víkka sjóndeildarhring okkar ungmenna þegar kemur að fötluðum ungmennum innan Reykjavíkurborgar. Þegar þau útskrifast svo úr Klettaskóla þá þekkja þau eða þekkja til fleiri ungmenna sem þau koma til með að hitta í Hinu húsinu eða í menntaskóla.

Út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar þá ætlar Askja að byrja með sértækt klúbbastarf sem snýr að félagsfærni ungmenna í Öskju. Með því að gefa ungmennunum hnitmiðað verkefni í litlum hóp undir handleiðslu aðstoðarforstöðumanna Öskju þá er markmiðið að búa til afurð sem geti nýst öllu starfinu í heild sinni. Með því að búa til t.d. plakat sem er fallegt, skýrt og sýnilegt fyrir allt starfið þá hjálpar það vonandi öllum að líða betur í allskonar aðstæðum.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- Síðasti dagur í sumarstarfi 20. Ágúst
- Fyrsti dagur í vetrarstarfi 21. Ágúst – Starfsdagur
- 24. ágúst starfsdagur
- 25. ágúst fyrsti dagur í vetrarstarfi með ungmennum

September

- 30. september fyrsti langi vetrarins

Október

- 8. október langur dagur
- 20. október fyrsti fundur í samstarfi sértækra félagsmiðstöðva í Reykjavík
- 22. – 26. Október Vetrarfrí – Starfsdagar
- 28. október Hrekkjavökuball með sértækum félagsmiðstöðvum

Nóvember

- 11. Nóvember - Skrekkur
- 16. nóvember – Úrslit Skrekkur
- 17. Nóvember – Starfsþróunarsamtöl byrja
- 18. nóvember – Sértækt klúbbastarf hefst

Desember

- desember Starfsdagur
- desember - Jólaball
- 18. desember – Starfsþróunarsamtöl hefjast
- 21. desember – Langur dagur
- 22. desember – Langur dagur
- 23. desember – Langur dagur
- 28. desember – Langur dagur
- 29. desember – Langur dagur
- 30. desember – Langur dagur

Janúar

- 14. janúar – Langur dagur
- 29. janúar – Langur dagur

Febrúar

- 10. febrúar – Langur dagur
- 8. – 14. febrúar – Vika 6
- 22. – 23. febrúar Vetrarfrí - Starfsdagar

Mars

- 1.mars – Sértækt klúbbastarf lýkur
- 17. mars – Árshátíð Klettó/Öskju
- 22. mars – Langur dagur Páskar
- 23. mars – Langur dagur Páskar
- 24. mars – Langur dagur Páskar

Apríl

Maí

- 10. maí – Langur dagur
- 26. maí – Sumarball Öskju

Júní

- 9. júní – síðasti dagur í vetrarstarfi
- 10. júni – fyrsti dagur með sumarstarfsmenn í 100% starfi – starfsdagur
- 11. júní – starfsdagur
- 14. júní – fyrsti dagur í sumarstarfi með ungmennum
- 14. júní – Vinnuskólinn hefst.

Júlí

- 16. júlí síðasti dagur í Vinnuskólanum